

# LYKLAR&LÁSAR

FÖSTUDAGUR 14. OKTÓBER 2011

Kynningarblað Smíði, viðgerðir, neyðarþjónusta og rafræn aðgangsstýring

## Við opnum nánast allt

Flestir lenda einhvern tíma í því að týna lyklum og þá er að leita til **Neyðarþjónustunnar** á Laugavegi 168 því þar geta menn opnað nánast allt. Hvort heldur það eru peningaskápar, tengdamömmubox, hvers kyns skápar eða skrín, og nýr lykill er smíðaður á stuttum tíma. Þar starfa þaulreyndir og duglegir menn með Ólaf Mát Ólafsson í forsvari.

Allt frá því að Neyðarþjónustan var stofnuð árið 1991 hefur hún aðstoðað þá sem þurfa að láta opna læsta hluti. „Bílar, peningaskápar og sílendrar eru engin fyrirstaða fyrir okkar starfsmenn að sögn Ólafs Mát Ólafssonar, framkvæmdastjóra Neyðarþjónustunnar. Óðinn, Páll og Sigurður eru sérfræðingar á sínu sviði.“ Hann tekur fram að nafn fyrirtækisins segi ekki alla söguna. „Þetta er ekki bara einhver neyðarsími, heldur verzlun ásamt verkstæði með lásasmíði og lásaviðgerðum eins og fjölmargir þekkja. Fyrirtækið vinnur mjög náið með öðru fyrirtæki sem heitir Gler og lásar og er í eigu sömu aðila en það sinnir opunarútköllum í heimahús fyrir þá sem læstir eru úti auk bráðalokana vegna gler- og innbrotstjóna. Þessi þjónusta er í boði allan sólarhringinn,“ útskýrir hann.

Ólafur Mát segir flestar gerðir bíllykla smíðaðar hjá Neyðarþjónustunni, með og án fjarstýringa. „Í gegnum tíðina hafa bílaframleiðendur lagt áherslu á forritaða bíllykla og því þarf mikla þekkingu ásamt dýrum búnaði til að framleiða slíka lykla. Neyðarþjónustan hefur lagt mikinn metnað í að bæta sig og vera í fremstu röð á þessu sviði með fjárfestingum í búnaði og þjálfun starfsmanna hér heima og erlendis,“ segir Ólafur og getur þess að starfsmenn hafi farið um allt land að forrita svisslykla, því yfirleitt þurfi að tölvutengja lykllana við bílinn svo hann fari í gang.

Skrár, læsingar, sílendrar og lykklakerfi eru til í miklu úrvali hjá Neyðarþjónustunni. „Við höfum hannað og smíðað fjöldann allan af lykklakerfum fyrir húsfélög, fyrirtæki og stofnanir. Það getur verið gott að vera bara með



„Bílar, peningaskápar og sílendrar eru engin fyrirstaða fyrir okkar starfsmenn,“ segir Ólafur. Frá vinstri: Sigurður Birgir Sigurðsson, Ólafur Mát, Óðinn Sigurðsson rekstrarstjóri og Páll Rafnsson.

**“Þetta er ekki bara einhver neyðarsími, heldur verzlun ásamt verkstæði með lásasmíði og lásaviðgerðum eins og fjölmargir þekkja.”**

einn lykill í stað margra á kippunni,“ segir Ólafur Mát en hann mælir eindregið með því að fólk skipti alltaf

um sílendra þegar það flytur í notaða fasteign. „Enginn veit hversu margir lykklar að íbúðinni eru í umferð,“ segir hann og bendir á að hægt sé að taka sílendra úr hurðum og koma með í Neyðarþjónustuna til að endurraða þeim og búa til nýja lykla. „Það er jafnvel hægt að samræma alla sílendra í viðkomandi húsi fyrir aðeins einn lykil.“

Spurður hvort það komi ekki stundum upp skemmtileg atvik svarar Ólafur að slíkt gerist alltaf annað slagið. „Ég fékk símtal um daginn

þar sem útlendingar höfðu læst lykllana í skottinu á bílaleigubílnum sínum en þeir voru staddir á Ísafirði. Kona ein úr verzlun í nágrenninu var að hjálpa þeim í þessum vandræðum. „Flugið er eftir 20 mínútur,“ sagði hún við mig. Að sjálfsögðu náðum við að smíða lykil og koma honum á flug og fengum mikið hrós fyrir. Útlendingarnir sögðu við konuna að þetta hefði aldrei verið möguleiki í þeirra heimalandi. Svona er Ísland í dag, við hjálpumst að,“ segir Ólafur að lokum.



### GOTT AÐ VITA

**Neyðarþjónustan hefur** tuttugu ára reynslu í lásaviðgerðum, lykklasmíði og opnun á hvers konar læsingum. Það var eitt fyrsta fyrirtækið á landinu sem bauð útkallsþjónustu allan sólarhringinn fyrir þá sem voru læstir úti.

**Núverandi eigendur** Neyðarþjónustunnar tóku við rekstrinum 1. ágúst 2007 og reka auk þess Gler og lásar sem sérhæfa sig í þjónustu allan sólarhringinn.

**Neyðarþjónustan hefur** á undanförunum árum keypt hátækni búnað til að forrita lykla í flestar tegundir bíla. Það er nauðsynlegt að sögn Ólafs Mát framkvæmdastjóra, þar sem ræsisvörn bíla verður sífellt flóknari.

**Yfir tíu þúsund** gerðir af lykllum eru til í Neyðarþjónustunni og nánast alltaf er hægt að útvega þá lykla sem beðið er um.

**Peningaskápaþjónusta hefur** farið vaxandi á heimilum síðustu ár. Þar geymir fólk passa, vísakort, peninga og skart. Neyðarþjónustan selur margar gerðir peningaskápa fyrir heimili og fyrirtæki.

**Öryggisdagar**

**Einn lykill endalausir möguleikar...**

**Lyklakerfi. (Masterkerfi)**

Smíðum og þjónustum allar stærðir af lykklakerfum. Það getur verið þægilegt að hafa einn lykil í stað margra og einnig er mikið atriði að vera viss um að enginn sé með lykil af þinni eign nema þú vitir af því.

**25% afsláttur**

**25% afsláttur**

**15% afsláttur**

**25% afsláttur**

**25% afsláttur**

**25% afsláttur**

**Aðeins brot af úrvalinu**

**Neyðarþjónustan**

Tilboðið gildir í október og nóvember

Verslun, Laugavegi 168 • www.las.is • las@las.is • s: 510 8888 • Opíð alla virka daga 8:00-18:00



Alltaf

800

9996



Við opnum bíla hurðir og hirslur

**ALLAN**  
 sólarhringinn

Lásasmiður

Settu  
númerið  
í símann  
það borgar  
sig...

Læst-/ur úti?


**Neyðaropnanir**

Þjónusta allan sólahringinn.



Látúnsdyrahamar í formi handar er klassískur en púkar og englar eru einnig vinsælir á hurðum víða um veröld.

NORDICPHOTOS/GETTY

## HÚNAR OG HAMRAR

**Dyrahamrar** og hurðarhúnar hafa oft og tíðum ekki aðeins hagnýtt gildi sem snýst um að gestir geti látið vita þegar þá ber að dyrum annars vegar og hleypt sér inn hins vegar. Útlitið skiptir oft ekki síður máli. Hönnun slíkra hamra og húna getur verið æði skrautleg og þar má líta allt frá himneskum englum til djöfullegra púka og allt þar á milli.



 KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

# JÓLAGJAFHA HANDBÓKIN

**MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:** JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORDHALD JÓLASÍÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson  
S: 512 5411, gsm 823 5055  
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen  
S: 512 5429, gsm 615 4349  
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný  
S: 512 5462, gsm 823 3344  
sigridurdagny@365.is



# Tryggir rétta fólkinu aðgang

Í áratugi hefur **Securitas** verið leiðandi í rafrænum aðgangsstýringum fyrirtækja. Með aukinni þróun hafa kerfin orðið betri og fjölhæfari, og mikið er um spennandi nýjungar sem auka enn á öryggi, þægindi og hagkvæmni.

Á undanförunum árum hafa rafrænar aðgangsstýringar tekið miklum framförum og kerfin orðið fullkornari, betri og fjölhæfari,“ upplýsir Hrafn Leó Guðjónsson, vörustjóri Securitas sem á síðustu áratugum hefur selt flestum stærri fyrirtækjum landsins rafræn aðgangsstýrikerfi.

Hrafn Leó segir starfsfólk fyrirtækja flest orðið kunnugt því að opna dyr með aðgangskortum, en ný kerfi auki enn á öryggi.

„Samhliða aðgangskortum eru nú notaðir augnskannar og fingrafaralesarar og með því tryggt að réttur aðili komist inn. Á sama tíma eru lán aðgangskorta útilokud þar sem augn- og fingrafaralesur kemur strax upp um falska aðgangstilraun,“ segir Hrafn Leó.

Með nýjum aðgangsstýrikerfum samtengir Securitas þau við hústjórnar- og myndavélakerfi bygginga, en með því fæst heildstætt umsjónarkerfi gagnvart innbrotum og óæskilegri hegðun.

„Möguleikarnir eru margvíslegir og þar á meðal tenging við stimpilklukkukerfi fyrirtækja. Þá stimplast starfsmaður inn og úr vinnu um leið og hann notar aðgangskort til að komast inn í fyrirtækið. Með því verður til nákvæm skráning á ferðum fólks, um leið og allir losna við lykla sem alltaf geta týnst og lent í höndum óprúttinna aðila sem þá komast inn í öleyfi. Við sömu aðstæður er auðvelt að eyða týndu aðgangskorti úr kerfinu án þess



Hrafn Leó Guðjónsson vörustjóri Securitas sem býður rafrænar aðgangsstýringar í úrvali.

MYND/DANIEL

að þurfi að skipta um skrár og lása með tilheyrandi kostnaði,“ útskýrir Hrafn Leó.

Hann segir smartkort vera helstu byltingu rafrænna aðgangsstýrikerfa nú.

„Með tilkomu smartkorta eykst öryggi til mikilla muna, enda ógjörningur að afrita smartkort. Þá aukast notkunarmöguleikar mikið því með smartkortum má aðgangsstýra tölvum og prenturum starfsmanna, ásamt því að nota þau til greiðslu í mótuneytum, um leið og tryggt er að enginn gangi um fyr-

irtækið sem ekki á þangað erindi,“ segir Hrafn Leó.

Hann bendir á að nú séu helstu verðmæti fyrirtækja geymd í tölvukerfum þeirra og því hækki öryggisstigið mikið með aðgangsstýrum tölvum og prenturunum, auk þess sem smartkortid bjóði einnig upp á rafræna undirskrift.

„Aðgangsstýring prentara kemur í veg fyrir að viðkvæm gögn liggi á glámbekk. Þá fæst pappír ekki útprentaður nema smartkort sé borið að honum, en það gæti lækkað árlegan prentkost-

„Með tilkomu smartkorta eykst öryggi til mikilla muna, enda ógjörningur að afrita smartkort.“

að um allt að 20 þúsund á hvern starfsmann, í stað þeirrar sóunar þegar prentað var á pappír sem svo var ekki sóttur og endaði í ruslinu,“ segir Hrafn Leó.

Önnur mikilvæg þróun í rafræn-

um aðgangsstýringum Securitas er þráðlaus aðgangsstýring, en í hana þarf engar lagnir.

„Í staðinn eru settir upp þráðlausir rafhlöðudrifnir lásar á hurðir. Það tryggir sama öryggi en mun fljótari uppsetningu og lægri uppsetningarkostnað,“ útskýrir Hrafn Leó og tekur fram að rafræn aðgangsstýrikerfi henti einnig heimilum. „Þá er notaður rafrænn lykkill í stað hefðbundins lykils í skráargat, sem er mun öruggari kostur og kemur í veg fyrir hættu á innbroti ef lykkill týnist.“

## Ný tækni í aðgangsstýringum

Þráðlaus aðgangsstýrikerfi ryðja sér nú mjög til rúms hjá **Securitas**, enda auðveld og hagstæð í uppsetningu en alveg jafn trygg þegar kemur að öryggi.

SALTO er einkar fullkomið og öflugt aðgangsstýrikerfi, byggt upp með nettengdum og sjálfstæðum rafhlöðudrifnum lásnum sem hægt er að opna allt að 90 þúsund sinnum á hverri rafhlöðu. Rafhlöðudrifnir lásar þurfa ekki lagnir og passa í nánast allar tegundir hurða, hvort sem það er ál, timbur eða gler.

Þar sem ekki þarf lagnir í lása er uppsetningarkostnaður mun lægri í samanburði við venjuleg aðgangsstýrikerfi. Unnt er að hafa allt að 64.000 hurðir og notendur í kerfinu, 256 tímasvæði, 256 dagatöl og óendanlega margar notendagrúppur. Fullkominn hugbúnaður stjórnar kerfinu, stofnar notendur og sækir upplýsingar um notkun.

Upplýsingar um notkun, eydd kort og dagatöl eru flutt á milli

nettengdra og sjálfstæðra lása með aðgangskortum, og með þráðlausum sendum er hægt að fá rauntíma upplýsingar um notkun.

SALTO býður einnig lausnir á skápalásnum, en lásarnir passa í allar tegundir skápa, meðal annars sundlaugar-skápa, og auðvelt að koma þeim fyrir í nýja sem eldri.

SALTO Aelement er öflugt og fullkomið aðgangsstýrikerfi, sérhannað fyrir hótél. Með þráðlausum sendum má fá rauntíma upplýsingar um notkun, ásamt rauntíma stjórnun á allar tegundir hurða. Kerfið er hægt að setja á allar hurðir sem þarf að aðgangsstýra svo sem starfsmanna-aðstöðu, geymslur og lyftur.

Hægt er að fá SALTO aðgangsstýrikerfi á allar tegundir hurða og auðvelt að stækka kerfið sem er einstaklega notendavænt, hagkvæmt, sveigjanlegt og öruggt.



Að ofan má sjá rafrænan augnskanna, en til hliðar og að neðan hurðarhúna með rafhlöðudrifnum lásnum sem passa í nær allar tegundir hurða, hvort sem það eru ál-, timbur- eða glerhurðir.





**FYRSTI HENGILÁSINN**

**Elstu heimildir** um hengilása eru frá rómverska tímabilinu og sýna að slíkir lásar hafa verið til frá því árið 500 fyrir Krist. Þeir voru mikið notaðir af kaupmönnum sem ferðuðust hinar fornu siglingaleiðir frá Evrópu til Asíu.

**Hengilásar hafa** einnig fundist í York í Englandi sem taldir eru vera frá árinu 850 og hafi því verið notaðir af víkingum.



**SAFNADI LÁSUM**

**Katrín II**, jafnan kölluð mikla, keisaraynja í Rússlandi, átti stórt og mikið lykласafn. Fallega skreyttir hengilásar nutu vinsælda þegar hún var uppi og vandað handbragð listamannanna heillaði víst keisaraynjuna. Sagan segir að eitt sinn hafi hún orðið svo hrifin af lyklakeðju eftir lykласmið sem var í útleið í Síberíu að hún hafi gert sér fyrir lítið og náðað manninn.



**ÝKTAR ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR**

**Keisarar á** Indlandi beittu ýmsum brögðum til að verja auðævi sín á öldum áður. Dæmi eru um að þeir hafi látið setja verðmæti í box sem var komið fyrir á litlum eyjum eða sökkt í laugar í hallargörðunum. Fáir gerðust svo djarfir að reyna að nálgast verðmætin þar sem þeirra var gætt af sveltum krókódílum sem voru visir með að ráðast á þá sem hættu sér ofan í.

**METHAFI Í GUINNESS**

**Samkvæmt Heimsmetabók Guinness** á Bandaríkjaáðurinn Brent Dixon frá Georgíu heimsins stærsta safn af lykklappum eða 41.418 stykki. Þeim hefur hann dundað sér við að safna frá árinu 2001. Georgíu Evagoras á hins vegar heiðurinn að því að hafa látið framleiða heimsins stærsta lykil, 5,5 metra langan og 2,6 metra breiðan. Lykillinn var formlega sýndur og mældur á Kýpur 20. september 2006.



Bláskeggur harðbannar söguhetjuni að opna leyniklefann en hún stenst ekki freistinguna.

**ÝMISLEGT LEYNIST Á BAK VIÐ LUKTAR DYR**

**Lyklar gegna** oftar en ekki mikilvægu hlutverki í skáldskap. Sem dæmi eru lyklar táknrænir í viktorískum bókmenntum þar sem þeir opna oftar en ekki dyr að framandi heimum, svo sem í The Golden Key, sem birtist í smásagnasafni George MacDonald, Dealing with Fairies frá árinu 1867 og hinni vel þekktu Lísu í Undralandi eftir Lewis Carroll frá 1885.

**Fleira getur** þó leynst á bak við luktur dyr eins og sagan um Bláskegg er til vitnis um, en hana var vinsælt að setja upp í leikhúsi á 19. öld og kvikmynda síðar meir. Í sögunni hunsar ung kona fyrir mæli Bláskeggs eiginmanns síns um að opna læstan leyniklefa í kastala hans. Þar með er voðinn vís því konunni til mikillar skelfingar er þar að finna hræðilega útleikin lík fyrri eiginkvenna Bláskeggs sem hafa virt fyrir mælin að vettugi.



Lyklar gegna táknrænu hlutverki í Lísu í Undralandi.

**SPORT**  
besta sætið

**SPORT 2**  
enski boltinn

**LIVERPOOL GEGN MANCHESTER UNITED**

**15. OKTÓBER Á STÖÐ 2 SPORT 2**

Leikir erkifjendanna í Liverpool og Manchester snúast um svo miklu meira en þrjú stig. **Heiðurinn er að veði – og rúmlega það.**

7. OKTÓBER **SPORT**  
**PORTÚGAL – ÍSLAND**  
A-landslið karla mætir Ronaldo og félögum í undankeppni EM.

8-9. OKTÓBER **SPORT**  
**ASIA ONE MÓTARÖÐIN**  
Heil helgi af fyrsta flokks golfi.

13. OKTÓBER **SPORT**  
**EAS ÞREKMÓTARÖÐIN**  
Átök, tækni og mögnuð spennu.

15. OKTÓBER **SPORT**  
**HOPKINS vs DAWSON**  
Risaslagur í Staples Center í Los Angeles

15. OKTÓBER **SPORT**  
**FORMÚLA 1 - SUÐUR-KÓREA**  
55 hringir af æsispennandi hraðakstri og átökum.

18-19. OKTÓBER **SPORT**  
**MEISTARAEIÐL EVRÓPU**  
Keppni þeirra bestu heldur áfram.

20. OKTÓBER **SPORT**  
**EVROÞUDEILDIN**  
Spennan magnast í Evrópueldinni.

22. OKTÓBER **SPORT**  
**BARCELONA – SEVILLA**  
Topp-leikur í spænsku deildinni.

23. OKTÓBER **SPORT 2**  
**MAN.UTD – MAN.CITY**  
Topp- og nágrennaslagur erkifjendanna í Manchester.

25-26. OKTÓBER **SPORT**  
**ENSKI DEILDABIKARINN**  
Vinna stóru liðin eða verða óvænt úrslit að hætti Deildabikarsins?

26. OKTÓBER **SPORT**  
**REAL MADRID – VILLAREAL**  
Hvað gera snillingarnir í spænska boltanum?

29. OKTÓBER **SPORT 2**  
**CHELSEA – ARSENAL**  
Lundúnaslagur fyrir lengra komu.

29. OKTÓBER **SPORT**  
**FORMÚLA 1 - INDLAND**  
Hver verður fyrstur í Nýju Delí?

30. OKTÓBER **SPORT**  
**FÜCHSE BERLIN – KIEL**  
Dagur og félagar fá lærisveina Alfreðs í heimsókn.

SUNNUDAGA **SPORT 2**  
**SUNNUDAGSMESSAN**  
Gummi og Hjónvar fara yfir leiki helgarinnar í Enska boltanum.

**Þú færð meira fyrir peningana**  
MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2

ÞAD ER **ÖDYRARA**  
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Golf Channel fylgir frítt með áskrift að Stöð 2 Sport